

Mæðgurnar Harpa Rut og Hafdís Edda hlupu í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka á síðasta ári og völdu að styrkja gott málefni og hlaupa fyrir Astma- og ofnæmisfélag Íslands sem við erum afar þakklát fyrir. Hafdís Edda verður 12 ára á þessu ári og var því eingöngu 11 ára þegar hún tók þátt í hlaupinu og hljóp hún 10 kílómetra og safnaði 75.000 krónum, vel gert Hafdís Edda!



Við mæltum okkur mót til að kynnast þessum kraftmiklu og fjörugugu hlaupurum. Fyrsta spurningin mín var hvort Hafdís Edda væri hlaupari en það kom í ljós að svo var nú ekki, það væri allt of lítið að gerast, að hlaupa bara. Hún æfir fótbolta og hefur gert það í nokkur ár og finnst það mjög skemmtilegt, miklu skemmtilegra að elta bolta á meðan maður hleypur. Harpa hefur hlaupið nokkrum sinnum í Reykjavíkumaraþoninu og kallar sig áhuga hlaupara. Harpa á þrjú systkini og eru þau systkinin ásamt börnum þeirra og mökum dugleg að taka þátt saman í Reykjavíkumaraþoninu og kalla sig þar Haf-liðið sem er í höfuðið á pabba þeirra sem heitir Hafliði. Hugmyndin kom frá Hafdís Eddu að safna fyrir framhalds námskeiði fyrir börn með ofnæmi en Astma- og ofnæmisfélagið hefur haldið það áður í samstarfi við Kvan. Hafdís Edda fór einmitt á það námskeið og

hjálpaði það henni mjög mikið. Nú langar hana á framhalds námskeið og vonast til að þessi styrkur geti hjálpað til við að það verði að veruleika.

Hafdís Edda er með langan lista af ofnæmi og fannst henni mjög gott að tengjast fleiri krökkum sem eru að kljást við sama vandamál og hún. Hún er til dæmis með bráðaofnæmi fyrir öllum hnetum og möndlum. Á listanum er líka fiskur, kókos, baunir og soja en hægt og rólega er verið að bæta við í mataræðið hennar eggjum, hveiti og mjólkurvörum. Hafdís Edda hefur nokkrum sinnum þurft að nota EPI pennann sinn og hafa komið upp atvik bæði í skólanum og í veislum. Til dæmis var hún stödd í veislu og tvær kökur voru í boði, önnur sem Hafdís Edda mátti borða en hin ekki. Einhver ruglingur varð á hnífnum í kökunum sem varð til þess að hún þurfti að fá EPI pennann sinn, það þarf ekki mikið til. Um atvikið í skólanum hins vegar, sagði Hafdís Edda: “það hjálpaði mér mjög mikið að frænka mín var hjúkrunarfræðingurinn, þannig að hún sprautaði” Hafdís Edda hefur ekki þurft að sprauta sig sjálf og vonast hún til að það verði farið yfir það á næsta námskeiði svo hún verði öruggari með sig ef að því kemur að hún þurfi að sprauta sig sjálf.

Hafdís Edda á nokkra vini, bæði í skólanum og fótboltanum sem eru líka með ofnæmi en eins og hún sagði “ég er bara eiginlega með mest ofnæmi sko og bara ég er með penna”. Þá langað mig nú að forvitnast um hvernig matarhlé í skólanum væri háttað hjá henni en hún fær ekki mat úr skólanum heldur þarf hún að taka með allt nesti að heiman. Eins og Harpa sagði “frábær stemming svona fyrir þriðju vaktina”. Þetta

eykur vinnu og álag heima fyrir að þurfa að undirbúa allt nesti fyrir hvern dag. Skólafélagarnir eiga það nú til að öfundast út í það sem Hafdís Edda kemur með að heiman og finnst það mun girnilegra en skólamaturinn,



segir Hafdís og brosir. Hafdís Edda ætlar að taka þátt aftur í hlaupinu í sumar með Haf-liðinu og sagði Harpa að mottóið fyrir hlaupið í fyrra hefði verið að allir ætluðu að hafa ótrúlega gaman en ekki vera að keppa að besta tímanum. Það var til dæmis stoppað á leiðinni á vatns stöðvunum, einnig var verið að gefa smellklapp sem var mjög skemmtilegt og var hópurinn meira dansandi á tíma en hlaupandi og skemmtu allir sér konunglega enda svakalega góð stemming í hlaupinu. Nokkrir fjölskyldumeðlimir sem ekki voru að hlaupa voru víðsvegar á leiðinni að hvetja hópinn sem þeim fannst ofsalega gaman. Hafdís Edda er einnig með astma og finnur maður það fljótt að þær mæðgur eru mjög jákvæðar og lifa eftir því hugarfari að Hafdís Edda getur gert allt og veikindin hennar stoppa hana ekki. Allir glíma við eitthvað og það eina rétta er að vera jákvæður, við erum sko engin fórnarlömb segja þær mæðgur að lokum.

Bergþóra Steinunn Stefánsd.
Ritstjóri AO